



European
Commission

Eurydice útdráttur

Nútímavæðing háskólamenntunar í Evrópu: Aðgengi, aðgerðir gegn brotthvarfi og atvinnumöguleikar

Stuðningur við aukið aðgengi að háskólamenntun er ofarlega á framkvæmdaáætlun landanna og á evrópskum vettfangi. Það er vegna þess að háskólamenntun í Evrópu ætti að skipuleggja þannig að hún geti brugðist hratt við og aðlagð sig að þörfum hagkerfis og samfélags sem verður æ þekkingarmiðaðra. Að sama skapi hefur fjöldi þegna í Evrópu aukist sem þurfa háskólagráður svo stækka megi þekkingargrunninn og stuðla að framförum. Bæði ESB 2020 áætlunin í Evrópu, með 40% markmiðinu sem stefnt er að 2020, og áætluninni um nútímavæðingu til dæmis miða að því að auka hlutfall þeirra sem ljúka háskólanámi.

Með þessi viðfangsefni í huga og til að stuðla að sem bestri stefnumótun ber Eurydice skýrslan um *Nútímavæðingu háskólamenntunar í Evrópu: Aðgengi, aðgerðir gegn brotthvarfi og atvinnumöguleikar* saman stefnumótun og framkvæmd þriggja markmiða um háskólamenntun:

- *Aðgengi*: Skilningur á framboði á háskólamenntun, námskröfur til að geta innritast og innritunarferli;
- *Aðgerðir gegn brotthvarfi*: Námsframvinda ásamt stuðningi sem stendur til boða þegar vandamál koma upp;
- *Atvinnumöguleikar*: Aðgerðir til að styðja nemanda sem lýkur háskólanámi til að koma inn á vinnumarkaðinn.

Í þessum bæklingi eru helstu niðurstöður skýrslunnar birtar.



Nám og
þjálfun

Hvað er Eurydice

Eurydice upplýsinganetið fylgist með og útskýrir hvernig mismunandi menntakerfi Evrópu eru skipulögð og hvernig þau virka. Upplýsinganetið veitir upplýsingar um menntakerfi í hverju landi, samanburðarrannsóknir um ákveðin atriði, vísa og tölfræði. Allar útgáfur Eurydice eru fánlegar endurgjaldslausar á Eurydice-heimasíðunni eða á prenti ef óskað er eftir því. Með vinnu sinni miðar Eurydice að því að auka skilning, samvinnu, traust og hreyfanleika milli Evrópulanda og á alþjóðavísu. Upplýsinganetið samanstendur af landsskrifstofum sem staðsettar eru í Evrópulöndum. En það er samræmt af ESB framkvæmdaskrifstofu mennta- og menningarmála og hljóð- og myndmiðlunar. Frekari upplýsingar um Eurydice eru hér <http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice>

Rannsóknina í heild sinni

Nútímavæðing háskólamenntunar í Evrópu: Aðgengi, aðgerðir gegn brotthvarfi og atvinnumöguleikar

er hægt að nálgast á ensku á Eurydice-heimasíðunni http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/thematic_reports_en.php

Prentuð eintök af skýrslunni

er hægt að nálgast með því að senda beiðni á:

eacea-eurydice@ec.europa.eu


Tengiliður

Wim Vansteenkiste,
Upplýsingar og útgáfa:
+32 2 299 50 58

Aðeins átta lönd hafa sett sér markmið til auka hlutfall tiltekinna hópa

Hugtakið um aðgengi að háskóla- menntun á ekki lengur aðeins við rétt nemenda sem uppfylla inntökuskilyrði og koma til greina að sækja um nám. Núorðið nær það einnig yfir "félagslega þáttinn", þar sem stefnt skal að því nemendasamsetningin endurspegli allar stéttir samfélagsins. Það þýðir í raun að öll stefnumótun ætti að hafa það markmið að útrýma hindrunum sem tengjast erfiðri aðstöðu eins og félagslegum og efnahagslegum bakgrunni umsækjenda. Í nær öllum löndum hafa verið sett almenn markmið um aðgengi. En samt hafa aðeins átta lönd skilgreint þátttökumarkmið fyrir tiltekna nemendur. Þar að auki eru nemendahóparnir talsvert ólíkir sem þessi lönd hafa skilgreint sem markhópa. Til dæmis er markhópurinn í flæmsku- mælandi Belgíu börn sem eiga foreldra

Landsstefnur til að auka þátttöku, 2012/13



Heimild: Eurydice.

sem eru ekki með háskólagráðu. Finnland stefnir á að auka hlutfall karlkyns nemenda en í Litháen er ætlunin að fjölga kvenkyns nemendum í stærðfræði og náttúruvísindum.

Skrásetning nemendaflokka er talsvert frábrugðin milli landa og gögn eru ekki nýtt sem best.

Þrátt fyrir að í öllum löndum séu nemendur flokkaðir eftir helstu þáttum eins og aldri og kyni, þá er þó nokkur munur á fjölda flokka sem löndin skrá á lengra tímabili: "tegund og stig

menntunar sem lokið var áður en háskólanám hófst" er sá flokkur sem er skráður lang oftast á meðan mjög sjaldan er tekið tillit til "þjóðernis-, menningar- eða tungumálaminnihluta" nemenda.

Algengustu nemendaflokkarnir sem skráðir voru 2012/13

| | BE | BE | BG | CZ | DK | DE | EE | IE | EL | ES | FR | HR | IT | CY | LV | LT | LU | HU | MT | NL | AT | PL | PT | RO | SI | SK | FI | SE | UK | UK- | (1) | SCT | CH | IS | LI | NO | TR |
|---|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|-----|-----|-----|----|----|----|----|----|
| Fötlun | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Staða á vinnumarkaði áður en háskólanám hófst | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Staða á vinnumarkaði í háskólanámi | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Tegund og stig menntunar sem lokið var áður en háskólanám hófst | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Félagslegur og efnahagslegur bakgrunnur | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Þjóðernis-, menningar- eða tungumálaminnihluti | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Farandlaunþegi | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |

Jafnvel þótt nemendagögn séu skráð kerfisbundið eru þau ekki alltaf nýtt sem best. 19 menntakerfi höfðu til dæmis engar upplýsingar um ákveðnar

breytingar á fjölbreytileika nemendahópsins milli 2002/03 til 2012/13 umfram almennar upplýsingar eins og fjölda nemenda eða dreifingu eftir kynjum.

Háskólar fá sjaldan hvatagreiðslur til að auka aðgengi sitt


Annað sem er í mótsögn við metnaðarfulla stefnumótun er skortur á hvatagreiðslum til háskólanna svo þeir geti aukið aðgengi sitt. Aðeins í tveimur ríkjum, Írlandi og Bretlandi,

er háskólum umbunað sem tekst að innrita nýja nemendur sem tilheyra minnihlutahópum og forða þeim frá brotthvarfi allan tímann sem þeir eru við nám.

26 menntakerfi bjóða hvatagreiðslur til nemenda sem ljúka námi sínu á tilsettum tíma


Ef einungis aðgengi að háskólum er auðveldað er ekki þar með sagt að fleiri útskrifist. Þess vegna þarf að fylgjast vel með að nemendur ljúki námi sínu. Þótt nákvæmar aðgerðir til að hvetja nemendur áfram séu ekki algengar eru yfirleitt til alhliða markmið í hverju landi um að draga úr brotthvarfi og að veita nemendum sérstaka umbun. Til að mynda eru boðnar sérstakar hvatagreiðslur í 26 löndum sem eiga að hvetja nemendur til að ljúka námi sínu á tilsettum tíma. Í þessum löndum er aðeins hægt að krefja nemendur um greiðslu fyrir aukakennslu eða umsýslugjald ef þeir ljúka ekki námi á eðlilegum námstíma. Önnur aðferð er að takmarka fjárhagsstuðning til nemenda við eðlilegan námstíma.

Hvatagreiðslur til nemenda sem ljúka námi sínu innan tilskilins tíma, 2012/13



Helmingur Evrópulandanna veitir hvatagreiðslur til háskóla sem leitast við að auka hlutfall þeirra sem útskrifast

Áhrif á fjárveitingar til háskóla vegna fjölda þeirra sem útskrifast/hætta námi, 2012/13




Auk þess að umbuna einstökum nemendum geta lönd einnig veitt háskólum hvatagreiðslur sem innleiða leiðir til að draga úr brotthvarfi. Það er athyglisvert að aðeins helmingur Evrópulandanna býður upp á slíkar hvatagreiðslur. Í hinum löndunum hefur það engin áhrif á fjárveitingar til háskólanna hvort fleiri útskrifist eða þeir dragi úr brotthvarfi.

Nemendur í hlutanámi greiða oft meira en samnemar þeirra í fullu námi


Með því að bjóða nemendum meiri sveigjanleika til að ljúka námi sínu, eins og með hlutanámi eða fjarnámi, er hægt að hafa jákvæð áhrif á aðgengi að námi og að nemendur ljúki námi. Í flestum Evrópulöndum stendur nemendum til boða að skipuleggja nám sitt formlega á sveigjanlegri hátt samanbundið við hefðbundið fullt staðnám. Þótt hlutanám auðveldi þeim lífið sem ekki geta stundað fullt nám þá getur slíkur sveigjanleiki kostað sitt. Sem dæmi þá tengist hlutanám í menntakerfum 12 landa eða er líklegt að það tengist auknum kostnaði nemandans samanbundið við hefðbundið nám. Til viðbótar við hærri skólagjöld er fjárstyrkur sem þeir eiga rétt á oft takmarkaður.

Formleg viðurkenning á stöðu nemenda í hlutanámi og/eða námsleið kennd sem hlutanám í Evrópulöndunum, 2012/13



Í 17 löndum er haft samráð við atvinnuveitendur til að hanna námsleiðir eftir þörfum vinnumarkaðarins

Þátttaka vinnuveitenda við skipulag og rekstur í háskólum, 2012/13



Menntayfirvöld landanna og háskólar leggja mikið á sig til að fjölga atvinnumöguleikum útskriftarnema. Það er hægt að gera með því að sérsníða námið þannig að það uppfylli þarfir vinnumarkaðarins eða með því að tryggja að nemendur fái rétta menntun allan sinn námstíma svo þeir geti starfað við sitt fag. Bein ráðgjöf eða samvinna með atvinnu- og viðskiptalífínu í skipulagningu háskóla-náms er ein tegund fyrirkomulags til að aðlaga námið að þörfum vinnumarkaðsins. Þessi aðferð er í raun notuð í 17 löndum þar sem atvinnuveitendur taka þátt í gerð námskrár, kennslu. Þeir taka einnig ákvarðanir og veita ráðgjöf.

Gæðastofnanir meta gögn um aðgengi, aðgerðir gegn brotthvarfi og atvinnumöguleika nemenda sjaldnast með tilliti til samsetningu nemenda

Gæðastofnanir fyrir háskóla taka tillit til gagna um aðgengi, aðgerðir gegn brotthvarfi og atvinnumöguleika nemenda að einhverju leyti en þær meta sjaldnast mismunandi samsetningu nemenda. Til dæmis þá er gæðastofnunum gert að skoða reglur um aðgengi, en þær beina sjónum sínum ekki að því hvornig þessar reglur geti haft áhrif á aðgengi nemendur sem eru illa settir. Að sama skapi getur verið að gæðaeftirlit sem skoðar brotthvarf rannsaki þróun á fjölda þeirra sem

útskrifast en reyni sjaldnast að greina ástæðu brotthvarfsins. Það eru heldur engar vísbendingar um að eitthvert land eða gæða-stofnun rannsaki kerfisbundið atvinnumöguleika með tilliti til félagslegs bakgrunns nemenda. Þar af leiðandi er ómögulegt að segja hvort þættir eins og erfiður félagslegur/efnahags-legur bakgrunnur, sem vitað er að hafi áhrif á aðgengi og hlutfall útskrifaðra, hafi einnig áhrif á atvinnumöguleika að loknu námi.